


Ég hefi farið mínar eigin götur

ÉG ER 1. aprílhlaupari og hangi í því að heita 19. aldar maður, því ég er fæddur 1899 á Grenjum á Mýrum, sagði Ásgeir Bjarnþórsson listmálari. Við vorum sest hjá honum í vinnustofunni hans á efstu hæð á Skúlagötu 34, þar sem hann enn býr, malar og sér um sig sjálfur, öllum óháður, eins og hann hefur verið langa ævi. Þarna var dálítið tómlegt, því að málverkin hans voru komin upp á Kjarvalsstaði, þar sem hann var að koma þeim fyrir á stóra yfirlitssýningu, sem opnar nú á átttræðisafmælisdaginn. Og þar sem vinir og kunningjar geta heilsað upp á hann milli klukkan tvö og fjögur í dag. — En ég hefi ekki sent nein boðskort á opnunina. Stend ekki í neinu svoleiðis, sagði hann.

— segir Ásgeir
Bjarnþórsson
listmálari á
átttræðisafmælinu



Ásgeir Bjarnþórsson. Ljós. Ól.K. Mag.

— Hvenær ég byrjaði að mála? Guð minn almáttugur! Ég byrjaði barn heima í sveitinni. Fyrstu krítarlitina færði mér Niels Dungal, sem var hjá foreldrum mínum á sumrin og var tveimur árum eldri en ég, sagði Ásgeir í upphafi viðtalsins. Ég var síteiknandi. Það voru yndislegir dagar. Ég sat yfir rollunum og gekkst upp í náttúrufræði, fór strax að safna steinum, blómum og sjávardýrum. Sagði, ef ég var spurður hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór, að ég yrði annað hvort náttúrufræðingur eða málari. Foreldrar mínir fluttust svo til Reykjavíkur árið 1909 og þar eignaðist ég fyrstu olíulitina, þegar ég var 13 ára. Sigríður Björnsdóttir, dóttir Björns ráðherra, var kennarinn minn og lét mig kenna hinum krökkunum að teikna. En þegar þau fóru að kalla á mig, eftir að Laufey Vilhjálmsdóttir tók við kennslunni, þá stöðvaði hún það. Sagði að Ásgeir yrði líka að teikna sjálfur. Seinna kynntist ég Ríkarði Jónssyni. Bjarni Ásgeirsson, frændi minn, þekkti hann og kom mér til hans. Ríkarður var yndislegur maður. Ég teiknaði allan liðlangan daginn

og lærði geysilega mikið af því að teikna eftir gipshausunum hjá honum.

• Ætluðum allir að verða stórlistamenn

Talið berst að Reykjavík þeirra daga, er Ásgeir var ungur maður: — Félagarnir eru flestir horfnir, segir hann, þó ekki allir. Þetta var góður félagsskapur. Sigurður Grímsson, sem var einn í hópnum, sagði að svona klúbbur hefði aldrei verið til og yrði aldrei til aftur. Þarna voru Tómas Guðmundsson, Magnús Ásgeirsson og Emil Thoroddsen. Allt feikilegir hugsjónamenn. Við ætluðum allir að verða stórlistamenn. Raunar liggur eitt-hvað eftir okkur alla, nema Jón Thoroddsen, sem dó ungur. Hvað við gerðum? Ég skal taka dæmi: Daginn fyrir 1. desember kom Tómas eitt sinn til mín og bað mig um að koma með sér upp á Mens Akademi, sem var á horni Lækjargötu og Austurstrætis, því hann þyrfti að lesa fyrir mig kvæði, sem hann hefði verið að ljúka við. Þegar hann hafði lesið það, sagði ég: „Þú hefur ort stúdentasöng fyrir okkur. Og þú ferð ekkert að

bíða eftir að koma þessu á prent. Við þurfum lag við hann! Við fórum heim til Sigvalda Kaldalóns, sem taldi þetta of stuttan fyrirvara, en hann skyldi reyna. Morguninn eftir, þegar við komum til hans, kom hann út á tröppurnar með lagið tilbúið. Þetta var söngurinn, sem byrjar á „Allt vaknar er vorar að...“ Og hann var sunginn í stúdentafagnadnum í Báranni um kvöldið. Gaman? Já, drottinn minn dýri. Það var gaman.

Tvítugur hélt Ásgeir út í heim, fyrst að sjálfsgötu til Kaupmannahafnar, þar sem hann var 1919–'20. Þá var mikið um að vera í listalífni. — Gömlu karlarnir voru að hætta á Akademiunni. Viggó Brandt var þar aðstoðarkennari og ég var hjá honum, segir hann. — Expressionismins var að ryðja sér til rúms. Dadaisminn var meira að segja kominn til Danmerkur, hafði verið slík sýning árið áður. Og allt var í helvítis vitleysu!

Síðan hélt Ásgeir til Þýskalands, skoðaði söfnin í Berlín og fór til listaborganna Leipzig og Dresden og loks til München, þar

sem hann var í listaskóla á annað ár. — Ég fór m.a. í höggmyndaskóla til að læra líkamsfræðina, segir hann. Ekki ætlaði ég þó að verða myndhöggvari, heldur vildi ég þekkja hana vegna málverkanna. Við Eggert Laxdal bjuggum saman, og um sumarið vorum við í Bayback, þorpi í Bayern, og máluðum einhver kynstur.

— Var þá ekki Kandinsky og listamannahópurinn kring um hann ofarlega á baugi. Þeir og aðrir voru farnir að mála abstrakt ekki satt?

— Nei, Kandinsky var óttalegur hjáni, svarar Ásgeir um hæl. Sama var um Van Gogh. Ég gat aldrei skilið þessa dáleika á honum, frekar en Kjarvalsdelluna hér.

decadex



**ER SÉRHÖNNUÐ UTANHÜSS-
MÁLNING SÉRSTAKLEGA
HENTUG FYRIR SPRUNGIN HÚS
7 ÁRA REYNSLA Á ÍSLANDI**

Vegna límkindra og teygjanlegra eiginleika lokar Decadex sprungunum. Decadex er viðarkvoðuríkt, vatnsuppleysanlegt plastefni sem inniheldur óvirk litarefni og trefjar til styrktar.

Decadex má bera á allskonar efni t.d. flísar, steypu, múrsteina, asfalt, þakpappa o.s.frv. Er mjög auðvelt í ásetningu með pensli, rúllu eða sprautu.

Decadex andar 1,93 gr. pr. m² á sólarhring. Leitið upplýsinga. Bæklingur með tæknilegum upplýsingum liggur frammi.

LIQUID PLASTICS UMBODIÐ

Ármúla 38, Reykjavík (Sama stað og Teppaval) Sími 30760 P.O. Box 7083



(Ljós. St. Pedersen)

Sauðárkróki
SÆLUVIKA Skagfirðinga stendur nú sem hæst á Sauðárkróki.

Þar er margt til skemmtunar og fróðleiks, m.a. sýnir Leikfélag Sauðárkróks „Kjarnorku og kvennhylli“ eftir Agnar Þórðarson. Meðfylgjandi mynd er af Hafsteini Hannessyni í hlutverki Bóasar gamla þingvarðar.